



# SUMARNÁMSKEIÐ SLHF

10-13 ÁGÚST Í LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS, LISTKENNSLUDEILD

## SAMTÖK LIST- OG HÖNNUNARKENNARA Á FRAMHALDSSTIGI Í SAMSTARFI VIÐ LHÍ BJÓÐA UPP Á SUMARNÁMSKEIÐ

Námskeiðinu er ætlað að skapa vettvang fyrir alla list- og hönnunargreinakennara í framhaldsskólum á Íslandi. Stuðla að samtali sem getur síðar leitt til samstarfs úti í skólakerfinu. Þátttakendur efla eigin listræna hugsun með því að tengjast listgreinum annarra kennara sem getur víkkað út persónulega reynslu, hugmyndir og kennsluvið þegar þeir kynnast og læra nýja tækni. Það veitir forsendur fyrir nýja möguleika á útfærslu hugmynda í kennslu.

**SLHF HEFUR Í SÍNU STARFI UPPLIFAÐ ÞÖRF FYRIR AÐ SKAPA VETTVANG TIL AÐ TENGJASAMAN LIST- OG HÖNNUNARGREINAKENNARA Á ÍSLANDI. FÉLAGIÐ OG HEFUR ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ SKAPA UMRÆÐU OG SAMSTARFSVETTVANG FYRIR FÉLAGSMENN.**

Námskeið eins og þetta eflir nýsköpun og frjóa hugsun sem er grunnforsenda þess að takast á við grunnstoðir og lykilhæfni aðalnámskrár framhaldsskóla.

Á sumarnámskeiðinu verður unnið þvert á allar list- og hönnunargreinar framhaldsskólans, þar sem sameinast sjónræn framsetning og kennsla í gegnum leikmynd, lýsingu, tónlist og

hljóð, búninga, rými og gjörninga. Áhersla verður lögð á hugmyndarvinnu og listræna vinnu með tæknilegri kennslu á verkstæðum sem endar með einni allsherjar uppákomu þátttakendanna. Möguleg lokaniðurstaða verður í formi gjörnings eða sviðsverks.

### **Kennarar á námskeiðinu verða:**

Egill Ingibergsson, leikmyndahönnuður,  
Jóni Jónsdóttir, gjörningalistamaður,  
Rakel McMahon, gjörningalistamaður,  
Rebekka Ingimundardóttir, búningahönnuður,  
Vigdís Jakobsdóttir, leikstjóri

Starfandi framhaldsskólakennarar fá frítt á námskeiðið. Kennarar starfandi úti á landsbyggðinni fá ferðastyrk.

Áhugasamir skrái sig sem allra fyrst hjá umsjónarmanni námskeiðsins,

Asthildi B. Jónsdóttur, [astajons@lhi.is](mailto:astajons@lhi.is)

**ÞEIR SEM ERU FYRSTIR TIL AÐ SKRÁ SIG TRYGGJA SÉR SÆTI Á NÁMSKEIÐINU EN TAKMARKAÐ PLÁSS ER Á NÁMSKEIÐINU.**